

Skólaráðsfundur  
23.01 2012

Mættir voru: Steinar, Eva, Svanhildur, Svana, Stefán Sig, Snezana, Grazyna, Hrafnhildur, Júlíus og Stefán Jóns.

Steinar bauð fundarmenn velkomna og sagði frá breytingum sem orðið hafa við skólann.

Næst var farið yfir það sem gera á fyrir og á afmæli skólans sem er 17. febrúar. Þemadagar verða notaðir til að undirbúa afmælið. Þeir verða 15.-16. feb. og enda með opnum degi sem er á sjálfan afmælisdaginn 17. feb. Það verður boðið upp á allskonar sýningar og verk nemenda ásamt veitingum.

Seinna í febrúar er fyrirhugað að halda afmælistónleika þar sem núverandi og fyrrverandi nemendur skólans kæmu fram. Einnig er áhugi að gefa út blað í tengslum við afmælið.

Skólaráð vill að óskir nemendaráðs sem komu fram á síðasta fundi um t.d lagfæringar á aðstöðu í “sjoppunni”, stofnun Glee klúbbs og fl. yrði vísað til Stefaníu Júlíusdóttir sem sér um félagsstörf við skólann.

Steinar benti fundarmönnum á fróðlegan fund sem fór fram í FSS um skólastarfið og var ákveðið að fara yfir það á næsta fundi en Steinar mun senda fundarmönnum upplýsingar í tölvupósti varðandi það.

Annað ekki tekið fyrir.

Næsti fundur ákveðinn 19. mars 2012

Svana A. Daðadóttir